

Brunavarnir A-Hún. **Stjórnarfundur 15. apríl 2004**

Fimmtudaginn, 15. apríl 2004 kom stjórn Brunavarna A-Hún til fundar á skrifstofu Blönduóssbæjar kl. 11:00.

Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál.
2. Önnur mál.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Afgreiðslur:

1. Formaður tjáði að slökkviliðsstjóri hefði óformlega tilkynnt að hann hygðist láta af störfum nk. haust en uppsögn liggur þó ekki fyrir. Með hliðsjón af því og þeirri staðreynd að innleiðing nýrrar brunavarnaráætlunar mun hafa í för með sér auknar kröfur og þar með verulega aukinn kostnað fyrir Brunavarnir A-Hún leggur stjórnin til að starf slökkviliðsstjóra verði 50%. Jafnframt leggur stjórnin til að staða slökkviliðsstjóra verði flutt undir tækni- og framkvæmdasvið Blönduóssbæjar og að gerður verður samningur við aðildarsveitarfélög Brunavarna A-Hún vegna greiðslna í sambærilegu hlutfalli og tíðkast hefur. Samningi sem verið hefur í gildi á vegum Brunavarna A-Hún og Hafnarsjóðs Blönduóssbæjar vegna hafnarvörslu verði sagt upp. Stjórnin leggur til að breytingar þessar gangi í gildi haustið 2004.

2. Önnur mál voru engin.

Guðmundur Ingbórsson (sign.)
Erlendur G. Eysteinnsson (sign.)

Fundargerð upplestin og samþykkt.
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Fundi slitið kl. 11:30.